# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Olíudreifing Grundarfirði**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 22.11.2012 | **Fulltrúi UST** | Gottskálk Friðgeirsson |
| **Fyrirtæki** | Olíudreifing | **Fulltrúi UST** | |
| **Heimili** | Hólmaslóð 8 - 10 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | 6606952069 | **Flokkur** | Olía |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Gestur Guðjónsson | **ÍSAT nr.** | 63.40 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Finnbogi Elíasson | **Staðsetning** | 298888,207 498613,941 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá starfsleyfi fundust í eftirliti. Brugðist var við og búnaður lagfærður. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli beggja olíuskilja í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðust frárennslin þau próf. Þjónusta skal olíuskiljur á árinu.

Báðir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar á árunum 2008 - 2012. Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á lokum í frárennslum þróa og reyndust báðir standa lokaðir eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Stöðinni hefur verið lokað með girðingum og hliðum.

Mikill sandur var í sandfangi annarrar olíuskiljunnar en geymar voru sandblásnir og málaðir í sumar. Þjónusta þarf olíuskiljuna.

Lögn 350.66.00 endurnýjuð í sumar og þrýstiprófuð. Lögnin stóðst prófunina. Við framkvæmdirnar var gat hökkvið á mengunarvarnarþró um geyma og við eftirlit var ekki búið að steypa í gatið.

Loki í frárennsli gasolíuþróar heldur ekki og þarf að gera við hann eða skipta honum út.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| ákvæði í grein 2.1 í starfsleyfi - Olíugeymar skulu standa í olíuheldri þró. | Lögn 350.66.00 endurnýjuð í sumar og þrýstiprófuð. Lögnin stóðst prófunina. Við framkvæmdirnar var gat höggvið á mengunarvarnarþró um geyma og við eftirlit var ekki búið að steypa í gatið.<br>Nú hafa þær upplýsingar borist að verktaki hefur lokið viðgerðum á þrónni og steypt í gatið. Engin frekari eftirfylgni vegna þessa. |
| ákvæði í grein 2.1 í starfsleyfi - Olíugeymar skulu standa í olíuheldri þró. | Loki í frárennsli gasolíuþróar heldur ekki og þarf að gera við hann eða skipta honum út.<br>Nú hafa þær upplýsingar borist að lokinn var með ónýtu þéttigúmmíi og var honum skipt út. Engin frekari eftirfylgni vegna þessa. |

**ATHUGASEMDIR**

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

**ANNAÐ**

Þjónusta skal olíuskiljur á árinu.

Reykjavík, 11.12.2012

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.